

AUGLÝSING

**um breytingu á aðalskipulagi Borgarbyggðar 2010-2022,
vatnsverndarsvæði í landi Varmalækjar.**

Skipulagsstofnun staðfesti þann 3. júlí 2014 breytingu á aðalskipulagi Borgarbyggðar 2010-2022, sem samþykkt var í sveitarstjórn Borgarbyggðar þann 13. febrúar 2014. Niðurstaða sveitarstjórnar var auglýst 4. júní 2014.

Í breytingunni felst að vatnsverndarsvæði vatnsbóls í landi Varmalækjar í Borgarbyggð minnkar. Fjarsvæði (VF2) verður eftir breytingu 167 ha í stað 189 ha og grannsvæði fer úr 5,1 ha í 3,3 ha. Breytingin hefur áhrif á svæði fyrir frístundabyggð sem fylgja mörkum grannsvæða (F72 og F141) og stækka þau hvort um sig um 1 ha.

Málsmeðferð var samkvæmt 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsstofnun, 3. júlí 2014.

Ásdís Hlökk Theodórsdóttir.

Ottó Björgvin Óskarsson.